Fimmtudaginn 6. apríl 1995.

Nr. 42/1995. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Matthíasi Ingibergssyni
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Frávísun frá Hæstarétti. Áfrýjunarfrestur. Leiðbeiningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari.

Ákærði áfrýjaði málinu til endurskoðunar samkvæmt b- og c- lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994, en af hálfu ákæruvalds hefur því verið skotið til Hæstaréttar með stefnu 3. febrúar 1995. Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákæruvalds.

Af hálfu ákæruvalds er krafist frávísunar máls þessa, en til vara staðfestingar hins áfrýjaða dóms, komi hinn áfrýjaði dómur til efnislegrar meðferðar „á grundvelli áfrýjunar dómfellda samkvæmt b- og c- lið 7. gr. laga nr. 37/1994".

Héraðsdómur í máli þessu var kveðinn upp 10. október 1994 að ákærða og verjanda hans fjarstöddum. Lögreglumaður birti ákærða dóminn 3. desember sl., og tók hann sér þá frest til ákvörðunar um áfrýjun. Ríkissaksóknari sendi Fangelsismálastofnun ríkisins dóminn til fullnustu, þar sem ósk hafði ekki borist um áfrýjun innan áfrýjunarfrestsins. Verjandi ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti ritaði hins vegar ríkissaksóknara tvö bréf 2. febrúar sl. og lýsti yfir áfrýjun dómsins og krafðist þess jafnframt, „að lögmæt birting fari fram". Í bréfinu er lýst yfir því, að verjandi hafi strax fengið vitneskju um niðurstöðu dómsins, og hafi sú ákvörðun verið tekin, að ákærði myndi áfrýja dóminum, þegar dómur hefði verið birtur honum. Lögmaðurinn kveðst hafa tjáð ákærða, að hann þyrfti ekki að taka afstöðu til áfrýjunar, fyrr en búið væri að birta honum dóminn. Ákærði hafði samband við verjanda 1. febrúar sl. og tjáði honum, að dómurinn hefði verið birtur sér í desember 1994 og hann tekið sér frest til áfrýjunar.

Af hálfu ákærða er því haldið fram, að hann hafi lýst yfir því við birtingarmanninn, að hann ætlaði að áfrýja dóminum. Hafi lögreglumaður sá, sem birti ákærða dóminn, ekki getið þess, að ákærði þyrfti að gera frekari ráðstafanir til áfrýjunar. Birtingarvottorð það, sem ákærði undirritaði, er í stöðluðu formi. Í því kemur ekki fram, hve langur áfrýjunarfrestur er, en samkvæmt 1. mgr. 151. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 11. gr. laga nr. 37/1994, skal dómari eða sá, sem annast birtingu dóms, kynna dómfellda rétt hans til áfrýjunar og hinn fjögurra vikna áfrýjunarfrest.

Er ríkissaksóknara bárust bréf verjanda ákærða 2. febrúar sl., var liðinn sá fjögurra vikna áfrýjunarfrestur, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 151. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 11. gr. laga nr. 37/1994. Svo sem fyrr greinir, naut ákærði aðstoðar verjanda á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Þegar það er virt og litið er til þess, sem áður segir um skipti verjanda og ákærða, eftir að héraðsdómur var kveðinn upp, verður ekki fallist á þær röksemdir, sem ákærði hefur fært fram gegn frávísunarkröfu ákæruvaldsins. Það getur ekki breytt þeirri niðurstöðu, að birtingarvottorðið ber ekki með sér, að fullrar nákvæmni hafi verið gætt við birtingu hins áfrýjaða dóms. Samkvæmt þessu verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum er ákærði dæmdur til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.